

95. héraðsþing UMSK – Þinggerð

95. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 21. febrúar 2018 kl. 18.00 í félagsaðstöðu Gróttu á Seltjarnarnesi.

1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Valdimar sagði m.a.

Ágætu þingfulltrúar. Velkomin á 95. ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings.

Héraðssambandið UMSK er enn að stækka og telur rúmlega 80.000 félagsmenn í 40 virkum aðildarfélögum, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir. Innan aðildarfélaganna eru skráðir iðkendur 30.240 í 31 íþróttagrein.

Rekstur UMSK stendur traustum fótum og auk þess að leggja í sjóði þá var úthlutað rúmum 70 milljónum til aðildarfélaganna á síðasta ári.

Þrátt fyrir þá samdráttartíma sem gengu yfir þjóðfélagið fyrir áratug, þá hefur íþróttahreyfingin samt sem áður blómstrað. Iðkendum á sambandsvæðinu fer fjölgandi, fjölbreytnin eykst, aldurinn fer hækkandi og fleiri félög eru stofnuð.

Árið 2013 tóku aðildarfélögin virkan þátt í að móta stefnu UMSK fyrir árin 2014-2018. Við teljum að flest þau markmið sem þar voru sett hafi náðst.

Í vetur var stefnan síðan endurskoðuð og sett ný stefna til næstu fjögurra ára sem verður kynnt af fulltrúum Capacent hér á eftir.

Þar eru helstu áherslur að UMSK viðhaldi stöðu sinni sem leiðandi héraðssamband og öflugur bakhjarl í starfi aðildarfélaganna og leggi þannig sitt af mörkum til að skapa betra samfélag.

Auk þess beinum við sjónum okkar að lýðheilsu. Því rétt eins og í nágrannalöndunum þá er ljóst að Íslenska þjóðin er að þyngjast, sem leiðir af sér verri lífsgæði og aukinn kostnað fyrir samfélagið. Við viljum nýta krafta hreyfingarinnar til að sporna við þeirri þróun á sambandsvæðinu, miðla af þekkingu og fræðslu og auka fjölbreytni í íþróttum sem og annari hreyfingu í þeim tilgangi að fá fleiri til að hreyfa sig. Það hefur orðið töluverð vakning í lýðheilsumálum hjá sveitarfélögunum og þar er kjörið tækifæri til samvinnu.

Ágætu félagar, gott samstarf er lykilinn að góðu starfi.

Ég vil þakka aðildarfélögunum fyrir gott starf og góða samvinnu á síðasta starfsári. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra sambandsins þakka ég gott samstarf og óska okkur öllum velfarnaðar í starfi. Ég segi þetta 95. ársþing UMSK sett.

Fjöldi félagsmanna innan sambandsins hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og telja nú 76.839. Aðildarfélögin eru 48, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir þannig að samtals eru þetta 95 einingar innan sambandsins. Iðkendum hefur fjölgað um 5% á milli ára og eru nú 33.092 og skiptast jafnt á milli kynja. UMSK á langa og farsæla 95 ára sögu að baki og er í dag sterkt og öflugt samband sem státar af virkum og góðum félögum sem hafa lagt á sig mikla vinnu til að standa vörð um félagsauðinn

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Ásgerði Halldórsdóttur, bæjarstjóra Seltjarnarnesbæjar. Tillaga um þingforseta samþykkt.

3. Kosning þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur, formann Íþróttafélagsins Glóðar, Kópavogi.

Tillaga um þingritara samþykkt.

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 5. gr. laga UMSK.
Engar athugasemdir.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau
Olgu Bjarnadóttur Gerplu, formaður
Eysteinn Lárusson Breiðabliki
Kristínu Finnbogadóttur Gróttu
Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt. Voru þau beðin að taka til starfa.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður
rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK.
Ársskýrslan og reikningar UMSK 2018 lá á borðum hjá þingfulltrúum og gátu þingfulltrúar fylgst með
yfirferð formanns. Vísað í ársskýrsluna til frekari upplýsinga.

Ný stefna fyrir UMSK 2019-2022

Ásgeir Runólfsson frá Capacent kynnti hana.

Endurskoðun eldri stefnu sem reyndist vel, vinnan við nýja stefnu tók svolítið mið af því.
Af hverju stefna, við viljum að stefna sé að gera eitthvað, hafi einhver áhrif sé notuð til að fara frá A
til B, frá rásmarkinu yfir í endamarkið. En síðan er raunveruleikinn aldrei svona hreinn og beinn
heldur verða alls konar áföll og gefur á bátinn. Það þarf alltaf að vera að endurskoða stefnu. Það er í
lagi að mistakast, þetta er ekki mælikvarði á árangur því ef við komumst ekki á leiðarenda eða
breytum um leið þá er það allt í lagi.

Að erindi loknu bauð fundarstjóri upp á umræður og spurningar.
Enginn kvaddi sér hljóðs.

6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins.
Ársreikningurinn er á bls. 50-54 í ársskýrslunni. Ársreikningurinn er áritaður af þingkjörnum
skoðunarmönnum án athugasemda.

Eins og formaður kom inn á í sínum pistli þá er fjárhagsleg staða sambandsins sterk. Tekjur aukast úr
94.785.503 árið 2017 í 106.880.206 árið 2018. Fjárhagur UMSK stendur og fellur með tekjum frá
Íslenskri Getspá og mikilvægt að menn hafi það í huga og styðji við Íslenska Getspá í orði og verki
þegar það á við og kaupir Lottó.

Rekstrargjöldin hækka líka en það skýrist að hluta til með því að innan rekstrargjalda er Lottó sem er
úthlutað áfram til félaganna. Þannig að niðurstaða rekstrarreiknings er hagnaður þetta árið upp á
2.135.901 (með vaxtatekjum) en var 4.526.234 (með vaxtatekjum) árið áður. Þessi munur skýrist af
því að við höfum lagt myndarlega í sjóði sem félögin geta svo sótt í.

Ef við lítum á efnahags-reikninginn þá er þar efst á blaði veglegt sumarhús sem sambandið á í
Þrastarskógi metið á heilar 30.000 krónur og búið að vera lengi. Liðurinn áhöld og búnaður eykst
talsvert á milli ára sem á skýringu sína í kaupum á Biathlon byssubúnaði sem hægt verður að skoða
hér á eftir. Handbært fé er 36.158.716, eigið fé er 44.250.057 og þar af er eigið fé sjóða 17.759.101.
Skammtímaskuldir ógreiddar um áramót eru 7.341.250.

Það er rétt að geta þess að framsetning reikningsins núna er örlítið breytt frá fyrra ári, núna er skilgreint hvað sambandið á í sjóðum og það er rétt að það komi fram að þessir sjóðir eru fyrir félögin. Félögin geta sótt í þessa sjóði.

Þarna liggur einmitt fjárhagslegur styrkur sambandsins því það getur styrkt aðildarfélögin enn frekar. Eins og kom fram hjá Ásgeiri áðan ætlar sambandið að bæta í. Einna helsta niðurstaða stefnumótunarinnar er sú að sambandið ætlar að styðja við félögin enn frekar en hefur verið gert og teljum þó að það hafi verið gert alveg ágætlega hingað til. Að lokum, það fylgja þessum reikningi ítarlegar sundurliðanir.

7. Ávörp gesta

1. Hafsteinn Pálsson, ÍSí.

Þingforseti, góðir þingfulltrúar

Ég vil byrja á því að flytja ykkur kveðjur frá forseta ÍSí, framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórn og starfsfólki og þakka fyrir gott og gefandi samstarf á liðnu ári. Starfið innan UMSK er öflugt og gjöfult eins og sýnt var í skýrslu sambandsins hér áðan og fyrir það ber að þakka.

Ég vil minna ykkur á Getspá og Getraunir, það fjármagn sem er verið að ræða um hér kemur að stærstum hluta vegna starfsemi þessara fyrirtækja hreyfingarinnar og hvet ykkur öll til þess að standa vörð um þau og gera allt sem í ykkar valdi til þess að efla þau sem frekast er unnt. Það eru ómæld tækifæri fyrir félögin t.d. til þess að auka tekjumöguleika sína með því að taka þátt í getraunastarfinu og sinna því. Allur ágóði af því starfi rennur til íþróttahreyfingarinnar og af Getspánni þá er ljóst að hluti rennur til Öryrkjabandalagsins en annars til ÍSí og UMFÍ.

Annað sem ég vildi nefna er að það fjölgar alltaf þeim verkefnum sem ÍSí tekur þátt í vegna aðildarinnar að alþjóða ólympíunefndinni og þar er um skyldubundin verkefni að ræða og það setur sífellt meira mark á starfsemina sá fjöldi verkefna sem þar er um að ræða. Nú var vetrarhátíð evrópsku ólympíu æskunnar að klárast í síðustu viku. Svo verða smáþjóðaleikar í vor, það verður sumarhátíð í sumar o.s.frv. bara til þess að nefna nokkur verkefni og svo að sjálfsgöðu Olympíuleikarnir á næsta ári. Spannandi að sjá hverjir ná tilskyldu lágmarki.

Það er tilhlýðilegt að nefna verkefni sem að hefur tekið nokkurn sess á umliðnu ári og ÍSí hefur tilnefnt fulltrúa bæði í nefndir á vegum Menntamálaráðherra og Forsætisráðherra um það hvernig fólk skuli haga sínum samskiptum og það skuli vera á síðuðum nótum. Það er merkilegt að það er komið hér næstum undir 2020 að við þurfum að vera að ræða slík mál og fara yfir það að setja verkferla og koma á skipulagi þannig að sómi sé að. Ég vænti þess að við leggjumst öll á árarnar við það að okkar starf innan allrar íþróttahreyfingarinnar verði þannig að við getum kinnroðalaust fjallað um það og hér á ég við umræðuna vegna #MeToo og þarna þarf að taka vel á og koma skikk á hlutina þar sem að bæta þarf úr.

Almennings íþróttaverkefni, Lífshlaupið er í gangi, Hjólað í vinnuna í vor, Kvannahlaupið bara til þess að nefna þrjú verkefni. Ég hvet ykkur til þess að nýta þetta þar sem við á til þess að efla starfið og félagsandann. Þetta eru vissulega jaðarverkefni við hið hefðbundna afreksstarf en er þó tækifæri til þess að fá kannski ferkari vídd í starfið.

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur falið mér að vinna hér embættisverk sem mér er mjög ánægjulegt. Það er að veita einum einstaklingi viðurkenningu

Gullmerki ÍSí

Sigríður Bjarnadóttir, Íþróttafélaginu Glóð í Kópavogi.

Sigríður Bjarnadóttir er einn af stofnendum Glóðar og starfaði um tíma sem formaður félagsins. Hún hefur tekið virkan þátt í að gera Glóð að farsælu íþróttafélagi fyrir 50+ og eldri og var einn af hvatamönnum fyrir því að innleiða Ringó sem keppnisgrein á Íslandi. Síðustu sjö ár hefur hún starfað í íþróttanefnd Glóðar sem formaður nefndarinnar. Hún hefur sinnt störfum fyrir Glóð af alúð og kostgæfni og lagt mikið af mörkum. Hún hefur verið ötul að sækja þingin, ekki einungis hjá UMSK, heldur líka UMFÍ og ÍSí. Sigríður er áhugasöm um lýðheilsu og heilbrigði efri ár, vinnusöm og heiðarleg og okkur öllum til mikils sóma. Sigríður er vel að því komin að hljóta Gullmerki ÍSí.

*Hafsteinn sæmdi hana **Gullmerki ÍSí**.*

Að lokum þá vil ég óska þess að þingið verði starfsamt og skili starfinu fram veginn og við eigum gott íþróttarár á UMSK svæðinu.

2. Jóhann Steinar Ingimundarson, UMFÍ

Þingforseti, formaður UMSK og aðrir þingfulltrúar.

Vegna þeirrar viðurkenningar sem veitt var hér áðan vil ég óska Sigríði til hamingju með þessa viðurkenningu enda held ég að þetta sé nákvæmlega sú birtingarmynd sem við þekkjum um mikilvægi sjálfbærniástarfsins sem er gríðalega mikilvægt í svona hreyfingu. Manni vöknar alltaf um augu þegar fólk er að uppskera viðurkenningu fyrir þessi störf sem nauðsynlegt er að leggja til í svona samfélagi sem við búum við í dag.

Mitt hlutverk númer eitt, tvö og þrjú er að flytja ykkur kveðju stjórnar og starfsfólks UMFÍ. Vil nota tækifærið og hvetja ykkur endilega til að nota þá þjónustu sem er í boði á skrifstofu UMFÍ og í gegnum þá meðal annars ykkar skrifstofu UMSK, Valdimar þekkir alla tenglana okkar þar. Mér þykir alltaf einkar gaman að koma á UMSK þing, þar finn ég grasrótina mína. Ég byrjaði mitt starf í félagi undir UMSK og mætti á mín fyrstu þing í heimabæ Valdimars. Ég vil óska ykkur til hamingju með skýrsluna sem endurspeglar þetta öflugra starf sem er í gangi. Ég hafði gaman af því að hlusta á kynninguna hér áðan varðandi framtíðarsýnina, það er greinilega að virka þetta skipulag sem er í gangi í íþróttahreyfingunni þar sem að héraðssamböndin eru að horfa til þeirra tenginga sem þau hafa bæði til ÍSí og UMFÍ. Þannig eru þau að ná að hnýta saman þessa sameiginlegu stefnu sem við erum alltaf að búa til.

Eins og fram kemur í skýrslu UMSK þá er tæpt nokkuð vel á verkum UMFÍ og ÍSí þar en ég ætla að leyfa mér að koma aðeins inn á landsmótin. Þau hafa verið nokkuð vinsæl og lukkuðust mjög vel. Þá var í fyrsta skipti bætt vel í landsmótin með stóru elli. Við höfum verið að bjóða upp á unglingslandsmótin og landsmót 50+ en nú á Sauðárkróki var veruleg breyting á því framboði sem var í gangi og þar kom meðal annars hugmyndir og stuðningur frá UMSK verulega inn í það starf sem var gert og þær niðurstöður sem við höfðum hjá UMFÍ að það var gríðarleg ánægja þeirra þátttakenda sem komu og ég vil bara hvetja fólk til að halda áfram að fylgjast með og horfa til þeirra landsmóta sem eru núna framundan. Það verður unglingslandsmót á Höfn í Hornafirði á þessu ári, landsmót 50+ á Neskaupsstað og síðan ákvað stjórn UMFÍ að stefna að stóra landsmótinu að nýju árið 2020.

Vettvangur eins og þessi er gríðarlega mikilvægur til framtíðar, ég hef séð UMSK svona að fara í gegnum nokkrar lífssveiflur og ég held að það komi nýr tími aftur þar sem skiptir máli að hreyfingarnar í íþróttum komi saman og myndi þennan kraft sem er í héraðssamböndunum og í stórum landssamböndunum. Það er mikið tækifæri til samvinnu, við vitum það öll, við erum svolítið hver í sínu horni svo hittumst við og þá erum við oft að ræða svipaða hluti og við þurfum bara einhvern veginn að ná að draga upp á yfirborðið þau verkefni sem við getum gert saman og svo

keppum við annaðhvort á íþróttavellinum eða hvar sem er og vinnum sjálf í okkar heimahögum þar sem samkeppnin er.

Eitt útspil sem UMFÍ gerði kom núna í Skinfaxa til að reyna að styðja við félögin þar sem við könnuðum fjárhagslegan styrk og með orðinu fjárhagslegum litum við til sveitarfélaganna. Stundum er aðgangur að íþróttamannvirkjum, stundum er beinn styrkur í formi einhverra peningagreiðslu og þetta var fyrsta skref UMFÍ að reyna fyrir félögin að gera þeim kleift að sjá hvernig þau standa í styrkjum í sínum sveitarfélögum eða sínum ranni versus hvað verið er að gera annars staðar á landinu. Ég vil hvetja ykkur til að skoða þessa samantekt sem kom fram í Skinfaxa.

Einnig vil ég benda ykkur á að kanna heimasíðu UMFÍ. Þar er talsvert af styrkjum líka það er búið að nefna fullt af styrkjum sem eru mögulegir og um að gera að kanna hvort það séu ekki einhver verkefni sem hægt er að byggja og nota tenginguna sem við höfum í gegnum Valdimar á skrifstofu UMSK og á skrifstofunni hjá UMFÍ. Það eru peningarnir sem vantar, það er nóg af hugmyndum í kefrinu hjá UMFÍ en við lendum oft í vandræðum með mannafla eða peninga til að láta þær verða að veruleika svo endilega kannið hvort það sé ekki eitthvað. Það eru umtalsverðir sjóðir til og að myndast hjá báðum aðilum.

Framundan er svo sambandsþing UMFÍ sem haldið verður í október á Laugarbakka í Miðfirði og það er um að gera að UMSK fjölmenni þar enda er það langstærsta héraðssambandið, er með talsvert að fólki bæði í stjórn UMFÍ og ÍSí. Við þurfum að gera okkur gildandi á þessum vettvangi því að framundan kunna að vera talsverðar breytingar í íþróttapólitík og það var verið að kjósa nýja íþróttanefnd sem UMFÍ og ÍSí tilnefndu aðila í þannig að við þurfum að vera svolítið vakandi á næstu misserum enda erum við að byggja á nokkuð gömlum hefðum í þessu og það kunna að verða breytingar hjá þessari nefnd.

Að lokum ætla ég að þakka fyrir og óska ykkur velfarnaðar með þau þingstörf sem framundan eru.

8. Álit kjörbréfanefndar

Olga Bjarnadóttir, formaður kjörbréfanefndar las upp fjölda þingfulltrúa hvers félags.

Það voru 13 félög sem lögðu fram kjörbréf og þá hafa 80 þingfulltrúar seturétt. Mættir voru og 43 af þessum 80 fulltrúum. Á þinginu hafa 41 félög seturétt með alls 173 þingfulltrúa.

Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Þessi liður fellur niður þar sem ekkert nýtt félag var stofnað á árinu.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði.

Hún var samþykkt samhljóma.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Þingforseti opnaði fyrir umræður um ársreikning. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar ársreikning 2018 undir atkvæði.

Hann var samþykktur samhljóma.

Hér var tekið 45 mín. þinghlé og fundarmönnum boðnar veitingar.

Afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála fór fram í hléi. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK og Lárus B. Lárusson, í stjórn UMSK afhentu viðurkenningarnar.

Viðurkenningar á 95. ársþingi UMSK:

Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

Félagsmálaskjöldur – Hilmar Júlíusson, Stjörnunni

Hilmar kom að starfi körfuknattleiksdeildar Stjörunnar árið 2007 sem formaður barna- og unglingsráðs til ársins 2012. Hann tók síðan við formennsku í deildinni árið 2012 og hefur verið það síðan, með eins árs hléi árið 2016. Hilmar hefur verið vakinn og sofinn yfir starfi og uppgangi körfuboltans í Garðabæ. Vöxtur deildarinnar og árangur keppnisflokka hennar er eftirtektarverður. Undir hans forystu eru allir flokkar að keppa um titla, bæði karla og kvenna og mikil fjölgun í iðkendahópum yngri aldursflokka.

Afreksbikarar UMSK:

Viðurkenning til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála.

Eftirtaldir aðilar hljóta afreksbikar UMSK:

1. Dansbikar UMSK – Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir, HK

Á árinu unnu þau til mikilla afreka og má helst nefna:

Norðurlandameistarar í ballroom dönsum og latin dönsum.

Íslandsmeistarar í ballroom dönsum.

Bikarmeistarar í ballroom dönsum.

UMSK meistarar í ballroom dönsum.

Lottó meistarar í ballroom dönsum.

Milanó open meistarar í ballroom dönsum.

Eastern United States meistarar í ballroom dönsum.

New York meistarar í ballroom dönsum.

Fred Astaire meistarar í ballroom dönsum.

Einnig voru þau í úrslitum á mjög sterkum alþjóðlegum mótum:

7. sæti á heimsmeistaramóti í ballroom dönsum í U19.

4. sæti á Europa Imperial Championships ballroom.

5. sæti á Italian open ballroom.

4. sæti á Dutch open ballroom.

8. sæti á Heimsmeistaramóti í 10 dönsum.

2. sæti á Eastern United States í latin dönsum.

6. sæti á New York open í latin dönsum.

6. sæti á UK open ballroom dönsum.

2. Frjálsíþróttabikar UMSK – Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki

Sindri var langbesti spjótkastari landsins á árinu. Hann rauf 80 m múrinn á móti í U.S.A. í mars og náði þar með lágmarki fyrir E.M. í Berlín, þar sem hann varð í 20. sæti af rúmlega 40 keppendum. Sindri vann það afrek að verða í þriðja sæti á Bandaríska háskólameistaramótinu. Á móti í Þýskalandi bætti Sindri sig og kastaði þar 80,91 m sem er þriðji besti árangur Íslendinga frá upphafi. Sindri varð Íslandsmeistari í spjótkesti og sigraði með yfirburðum.

3. Sundbikar UMSK – Brynjólfur Óli Karlsson, Breiðabliki

Brynjólfur Óli Karlsson átti mjög gott ár. Hann vann til þrenna gullverðlauna, auk silfur og bronsverðlauna á Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug. Hann var eini sundmaðurinn sem náði lágmarkum á Ólympíuleika ungmenna sem haldnir voru núna í október 2018 í Buenos Aires. Þar keppti hann með þeim bestu og stóð sig vel. Hann varð þrefaldur Íslandsmeistari í 25 m lauginni núna í nóvember og var einnig í sveitinni sem setti Íslandsmet í 4x200 m skriðsundi í flokki 15-17 ára. Brynjólfur fór einnig á Norðurlandameistaramótið í desember 2018 og komst í úrslit í þremur greinum.

4. Skíðabikar UMSK – Agla Jóna Sigurðardóttir, Breiðabliki

Agla hefur æft skíði síðan hún var fimm ára. Hún náði frábærum árangri í keppni á árinu og er hún mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur í framkomu.

5. UMFÍ bikar – Flokkur ársins 2018, meistaraflokkur Breiðabliks í knattspyrnu kvenna

Flokkur ársins 2018 er meistaraflokkur Breiðabliks í knattspyrnu kvenna en liðið varð Íslandsmeistari og Bikarmeistari í knattspyrnu á árinu.

6. Fimleikabikar UMSK – Valgarð Reinhardsson, Gerplu

Valgarð er magnaður fimleikamaður sem hefur átt góðu gengi að fagna síðastliðið ár. Hann náði þeim sögulega árangri að vera fyrsti Íslenski fimleikamaðurinn til að komast í úrslit í stökki þegar hann var fimmti í undanúrslitum á Evrópumótinu í Glasgow í ágúst en alls kepptu 151 keppendur á mótinu. Hann er ríkjandi Íslandsmeistari í fjölþraut, bikarmeistari með félagsliðinu sínu Gerplu og vann til silfurverðlauna á tvíslá á Norðurlandamótinu í sumar. Valgarð hefur mikinn metnað fyrir íþrótt sinni og hefur bætt sig mikið á árinu ásamt því að vera jafnt og þétt að auka erfiðleikann í æfingum sínum. Fimleikasambandið óskar Valgarð innilega til hamingju með tímamóta árangur í Íslenskri fimleikasögu og um leið hlökkum við til að fylgjast með honum takast á við áskoranir ársins 2019. Valgarð er glæsileg fyrirmynd yngri iðkenda og óskum við honum innilega til hamingju með titilinn „fimleikakarll ársins“.

Íþróttakona UMSK – Agla María Albertsdóttir, Breiðabliki

Agla María átti frábært tímabil með liði Breiðabliks 2018, sem eitta það besta í sögu félagsins. Liðið varð bæði Íslandsmeistari og Bikarmeistari. Agla María lék alla leiki liðsins í deild og bikar og skoraði í þeim 9 mörk, ásamt því að leggja upp fjölmörg mörk fyrir samherja sína. Hún lék 10 A-landsleiki á árinu en liðið var hársbreidd frá því að komast á HM sem fram fer í Frakklandi á þessu ári. Þessi 19 ára gamla Kópavogsmær hefur alls leikið 19 landsleiki fyrir hönd Íslands og mun landsleikjum að öllum líkindum fjölga hratt á næstu árum.

Íþróttakarll UMSK – Valgarð Reinhardsson, Gerplu

Valgarð varð á liðnu ári Íslandsmeistari í fjölþraut á Íslandsmeistaramóti Fimleikasambandsins. Hann varð einnig Íslandsmeistari í fjórum greinum, á svifrá, í hringjum, á tvíslá og á gólfi. Valgarð var einn af burðarstólpum í liði Gerplu sem sigraði á Bikarmóti Fimleikasambands Íslands, annað árið í röð. Á Norðurlandameistaramótinu hafnaði hann í 6. sæti í fjölþraut og í 2. sæti á tvíslá. Á Evrópumeistaramótinu í Glasgow komst Valgarð svo fyrstur Íslendinga í úrslit í stökki sem er frábær árangur hjá þessum unga fimleikamanni. Eftir harða keppni í úrslitum hafnaði hann að lokum í 8. sæti.

Eftir þinghlé

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu og einnig uppstillinganefnd sem starfar á milli þinga þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna uppstillinganefnd.

Tillaga um;

Steina Þorvaldsson, Breiðabliki sem formann,

Hildi Gottskálsdóttur, Gerplu

Algirdas Slapikas, Stálúlfur

Tillaga um uppstillinganefnd var samþykkt.

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

Tillaga nr. 1

95. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 21. febrúar 2019.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2019 – frá stjórn UMSK

95. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 21. febrúar 2019, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir 2019:

Texti:	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019
Tekjur:			
Íslenskar Getraunir	1.500.000	1.469.241	1.400.000
Lottó ÍSÍ	34.000.000	37.664.445	38.000.000
Lottó UMFÍ	44.000.000	51.139.924	46.000.000
Skattar aðildarféлага	1.600.000	1.907.910	1.900.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	7.500.000	7.963.314	8.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	2.500.000	6.735.372	5.000.000
Tekjur samtals	91.100.000	106.880.206	100.300.000
Gjöld:			
Lottó úthlutað til aðildarféлага	60.000.000	70.163.416	66.000.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	6.000.000	5.772.500	6.000.000
Laun:			
Laun og launatengd gjöld	10.800.000	11.491.173	12.100.000
Áunnið orlof	130.000	23.933	20.000
Ökutækjastyrkir	600.000	600.000	600.000
	77.530.000	88.051.022	84.720.000
Kostnaður vegna mótahalds:			
Héraðsmót	1.500.000	0	500.000
Skólahlaup UMSK	500.000	159.458	300.000
Skólamót í blaki	500.000	1.563.772	500.000
Landsmót		134.030	0
Unglingalandsmót	500.000	0	0
Verðlaun/viðurkenninga	150.000	174.730	200.000
Búningar	200.000	223.760	50.000
Biathlon/battavellir	0	673.738	200.000
	3.350.000	2.929.488	1.750.000
Annar kostnaður:			
Áhöld og búnaður	150.000	320.183	200.000
Aðkeypt þjónusta	250.000	349.240	1.000.000
Bókhald, reikningagerð	300.000	257.920	300.000

Burðargjöld	10.000	8.415	20.000
Bækur, tímarit	10.000	2.990	10.000
Ferðakostnaður	100.000	3.840.735	1.000.000
Framlög og styrkir til félaga	500.000	1.585.200	1.500.000
Söguritunarsjóður	1.500.000	743.750	1.500.000
Húsaleiga	700.000	694.056	700.000
Húsnæðiskostnaður annar	25.000	0	25.000
Lögfræðikostnað	50.000	0	0
Veitingar, fundakostnaður	700.000	559.297	600.000
Þing og sérráð	1.200.000	721.584	1.000.000
Ritföng, pappír, prentun	50.000	61.813	75.000
Sími og net	160.000	225.781	220.000
Stefnumótun	750.000	1.102.290	0
Tryggingar	25.000	18.501	25.000
Tölvukostnaður	200.000	382.728	150.000
Útgáfa	150.000	0	100.000
Fræðslumál	2.000.000	1.562.500	2.000.000
Verkefnasjóður	0	2.000.000	1.000.000
Samtals	8.830.000	14.436.983	11.425.000

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMSK mælti fyrir fjárhagsáætlun 2019.

Hér er lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Þetta er frekar hófleg fjárhagsáætlun eins og sjá má í mati á áætlun tekna en tekjurnar ráðast af tekjum frá Íslenskri Getspá.

Áætlaðar tekjur verði 100.300.000 og deilt verði út 66.000.000 og úthlutað verði úr afreksmannasjóði 6.000. Hóflegar launahækkningar og dregið verði úr kostnaði í sambandi við mótahald og annan kostnað einnig. Gjöldin eru 97.850.000 og áætlaður hagnaður verði 2.450.000. Eins og í reikningunum þá er þessi fjárhagsáætlun ágætlega sundurliðuð. Gjaldkeri lagði fjárhagsáætlunina fram.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlunina.

Bragi Björnsson, Gróttu tók til máls.

Stefnan var að ráða verkefnisstjóra og það á þessu ári. Ef svo er þá er ekki gert ráð fyrir honum í launalið fjárhagsáætlunar. Á að fjármagna þann aðila á fjárhagsáætlun 2020?

Guðmundur

Það er rétt hjá þér, það er áætlað að ráða verkefnisstjóra. Það voru lagðar 2 milljónir í fyrra í verkefnasjóð og verða þessi laun tekin úr þeim sjóði auk þess sem gert er ráð fyrir að fjármagnað verði að hluta með styrkjum utan úr bæ. En umfangið á starfinu mun ráðast af því hversu vel gengur að afla tekna fyrir því en til eru þessar 2 milljónir til þess að koma þessu af stað og verða nýttar í þetta verkefni.

Þingforseti bar Fjárhagsáætlun UMSK fyrir 2019 undir atkvæði.

Fjárhagsáætlun UMSK 2019 samþykkt samhljóða.

14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Tillögur um lagabreytingar, Magnús Gíslason, varaformaður UMSK mælti fyrir þeim og kynnti tillögu UMSK um breytingu á lögum.

Tillaga um breytingu á lögum - Frá stjórn UMSK

Tillaga nr. 2

95. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 21. febrúar 2019.

Tillaga um breytingu á lögum - Frá stjórn UMSK

95. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 21. febrúar 2019, samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum UMSK:

5. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í fyrir lok mars ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

9. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.
25. Þingslit.

Ef lágsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

11. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er heimilt að boða til fundar með formönnum aðildarféлага UMSK í september eða október ár hvert.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um lagabreytingar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti óskaði leyfis þingsins um að bera þær allar upp í einu.

Það var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar síðan formlega lagabreytingarnar upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

15. Aðrar tillögur lagðar fram.

Engar aðrar tillögur.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Ekkert gert undir þessum lið, því að engar nefndir voru skipaðar á þinginu.

17. Afgreiðsla á álitni nefnda.

Ekkert gert undir þessum lið.

18. Önnur mál

Kosning fjögurra manna í stjórn afreksmannasjóðs.

Þingforseti bar upp tillögu um fjögurra manna stjórn afreksmannasjóðs, þau

Ása Inga Þorsteinsdóttir, Stjórnunni

Sólborg Sunna Sigurðardóttir, Gerplu

Hanna Björk Halldórsdóttir, Aftureldingu og

Óli Þór Júlíusson, HK

Ekki voru fleiri tilnefningar.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í stjórn Afreksmannasjóðs.

Þingforseti gaf orðið laust og spurði hvort væru einhverjar aðrar tillögur sem þingfulltrúar óski eftir að lagðar verði fyrir þingið.

Svo var ekki.

19. Kosningar, uppstillinganefnd (kjörnefnd) skilar álit. Steini Þorvaldsson, formaður kjörnefndar tók til máls.

20. Kosning formanns.

Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu situr áfram (kosinn til tveggja ára á síðasta þingi).

21. Kosning tveggja stjórnarmanna.

Í kjöri voru Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og Magnús Gíslason, HK.

Voru þeir kosnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir til næstu tveggja ára.

(Lárus B. Lárusson, Gróttu og Hanna Clara Jóhannsdóttir, HK sitja áfram, voru kosin til tveggja ára árið 2018).

22. Kosning þriggja manna í varastjórn.

Í kjöri voru Þorsteinn Þorbergsson, Stjórnunni, Geirarður Long, Aftureldingu og Halla Garðarsdóttir, Breiðabliki.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Til vara voru í kjöri Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbnum

Oddi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir varamenn skoðunarmanna.

24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.

Lagt er til að þessum lið verði vísað til stjórnar. Það var samþykkt.

25. Þingslit

Valdimar Leó Friðriksson, formaður sleit þinginu formlega.

Þingi slitið kl. 20:25

Þingritari,

Margrét Björnsdóttir,

formaður Íþróttafélagsins Glóðar, Kópavogi